

IHM - Innheimtu midstöð gjalda skv. 11. grein höfundalaga.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík 22. september 2016

Efni Umsögn um frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota), 870. mál

Innheimtumiðstöð gjalda samkvæmt 11. grein höfundalaga nr. 73/1972 (hér eftir skammstafað IHM) hefur fengið til umsagnar framangreint frumvarp.

Lýst er yfir ánægju með að loks sé á Alþingi lagt fram frumvarp sem hafi það að meginmarkmiði að greiða rétt höfum innan IHM sanngjarnar bætur vegna eintakagerðar til einkanota. Svipað fyrirkomulag og um getur í frumvarpinu og lagt er til að tekið verði upp héraðs er að finna bæði í Noregi og Finnlandi.

Stjórn IHM telur að frumvarpið i núverandi mynd sé ásættanlegt til lausnar þeirri gríðarlegri tekjuskerðingu sem orðið hefur vegna tækniþróunar sem ekki hefur verið mætt með breytingu á höfundalögum til samræmis við breytt neyslumynstur höfundarréttarvarins efnis.

Með vísan til ofanritaðs er það von stjórnar IHM að frumvarpið verði samþykkt, en ljóst er að vinna þarf hratt til að svo megi verða.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar IHM

Gunnar Guðmundsson, formaður